

JAFNRÉTTISSTEFNA

Áhersla er lögð á jafnrétti í öllu starfi skólans og jafnrétti endurspeglast í starfsháttum skólans, samskiptum og öllum skólabrag. Jafnréttisstefna skólans felur í sér að í öllu starfi skólans sé jafnrétti haft í heiðri og brýnt fyrir nemendum og starfsfólki að jafnrétti skuli ríkja í öllu starfi skólans. Gildir það um jafnrétti kynja, jafnrétti einstaklinga eftir trú, kynhneigð, stétt, aldri, kynþætti og litarhætti eða jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra.

Umburðarlyndi og víðsýni eru gildi skólans og grannt og lögð áhersla á að nemendur og starfsmenn virði þau.

Nemendur skólans eru á breiðu aldursbili, með ólíkan bakgrunn og af ýmsu þjóðerni. Stuðlað er að opnum samskiptum innan skólans til að auka víðsýni og umburðarlyndi, m.a. með sameiginlegum sýningum nemenda á mismunandi námsbrauta, heimsóknum gestafyrirlesara, vettvangsferðum á söfn og sýningar og öðru samstarfi nemenda skólans jafnt innan kennslutíma sem utan.

Í öllu námi er gætt að samþættingu kynjasjónarmiða í kennslu og stuðlað að sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennsluefni til að mæta ólíkum þörfum og áhuga nemenda. Þess er gætt að námið henti jafnt báðum kynjum og að ekki sé kynjaslagsíða á námsefninu. Kappkostað er að kynjajafnvægi ríki í kennaraliði.

Nemendur eru ætíð hvattir til að horfa gagnrýnum augum á menningarbundin og félagslega ákvörðuð hlutverk kynja og þjóðfélagshópa. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur kynnist sem fjölbreyttustum sjónarmiðum lista- og fræðimanna og fái innsýn í mismunandi samfélög. Er það bæði gert með vali á kennsluefni, kennurum og svo vettvangsferðum og námsferðum. Með markvissum hætti er komið til móts við nemendur með ýmiskonar námsörðugleika.